



RANNSÓKNASTOFNUN  
BYGGINGARIÐNAÐARINS  
THE ICELANDIC BUILDING RESEARCH INSTITUTE

Alþingi  
Erindi nr. Þ 132/1740  
komudagur 24. 4. 2006

DAGSETNING/DATE

TILVÍSUN/REF.

24. apríl 2006

Rb-22  
HÓ/db

Iðnaðarnefnd Alþingis  
b.t. Ingvars Þórs Sigurðssonar, nefndarritara,  
Austurstræti 8 – 10.  
108 Reykjavík

### Málefni: Umsögn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um frumvarp til laga um Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Stjórn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins hefur fjallað um ofangreint frumvarp og vill gera eftirfarandi athugasemdir :

1. Lagst er gegn því að sameina tæknirannsóknir, sem nú eru stundaðar hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (Rb) og Iðntæknistofnun (ITI) á Keldnaholti, við þá sjóði, sem um er að ræða þ.e.a.s. Byggðasjóð, Tæknipróunarsjóð og Tryggingasjóð útflutnings.

Ekki er um skylda starfsemi að ræða og ekki verður séð að sameining þessi hafi nokkra hagræðingu í för með sér. Þvert á móti má ætla að stjórnun verði flókin og skilvirkni og vægi tæknirannsókna minna.

2. Stjórnun „Miðstöðvarinnar“ er óljós. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir einum forstjóra án stjórnar en hver hinna þriggja sjóða hefur 5 – 7 manna stjórnir. Ekkert er getið um stjórnun tæknirannsókna á Keldnaholti, sem þó er yfir 70 % starfseminnar í dag miðað við starfsmannafjölda. Iðnaðarráðherra hefur upplýst að forstjóri og höfuðstöðvar „Miðstöðvarinnar“ verði á Sauðárkróki. Tæknirannsóknum á þá að fjarstýra frá Sauðárkróki, en það er með öllu óásættanlegt og vandséð hvernig slíkt er gerlegt nema settur verði faglegur forstjóri yfir Íslenskum Tæknirannsóknum með skýrt umboð til daglegs reksturs.
3. Það skiptir þjóðina miklu máli að tæknirannsóknir séu í sem mestri nálægð við viðskiptavinina sína og séu skilvirkar og árangursríkar. Viðskiptavinir tæknirannsókna eru að mestu á höfuðborgarsvæðinu sbr. t.d. byggingariðnaðinn þar sem fjármunamyndun á ári í nýjum húsum er um 40 milljarðar kr. Í frumvarpinu er lögð mikil áhersla á byggðamál og hætt er við að mikil áhersla á þann þátt hinnar nýju „Miðstöðvar“ dragi úr vægi Tæknirannsókna innan hennar ekki síst ef forstjóri hennar er pólitískt skipaður eins og ætla má miðað við væntanlega staðsetningu hans.




BYGGINGARANNSÓKNIR

THE ICELANDIC BUILDING RESEARCH INSTITUTE

4. Lagt er til að d lið 5.gr. verði breytt þannig að setningin endi eftir: „... atvinnulífið þarfnast” og þar með sleppt.” og ekki er boðin á markaði”. Seinasti hluti setningarinnar skapar óvissu þar sem orðin „boðin er á markaði” geta átt við starfsemi sem uppfyllir ekki þarfir markaðarins þó að hún sé í boði. Ef æskilegt þykir að kveða frekar á um þetta mætti bæta við eftirfarandi setningu: Bein samkeppni við markaðinn er óæskileg en ef hún er fyrir hendi skal starfsemin uppfylla ákvæði samkeppnislaga.

Fyrir hönd stjórnar  
Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

  
Hákon Ólafsson,  
forstjóri